

EFTIRLITSSKÝRSLA

URÐUNARSTAÐUR FYRIR ALMENNAN ÚRGANG

Dagsetning 9. júní 2011

Fyrirtæki Urðunarstaður við Sauðárkrók

Heimilisfang Skarðsmóar norðan
Sauðárkróks

Kennitala 550698-2349

Isat nr. 38.21.0

Starfsemi Urðun úrgangs

Fulltrúi UST Gunnlaug Einarsdóttir, Svanfríður
Dóra Karlsdóttir og Sigurjón Þórðarson frá

heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, sem fer með eftirlitið í umboði Umhverfisstofnunar.

Starfsleyfi, gildir til
Ótímundið starfsleyfi, gefið út 7. desember 1987

Tegund eftirlits reglubundið
mengunarvarnaeftirlit.

Fulltrúar fyrirtækis Ómar Kjartansson og Jón
Örn Berndsen.

Staðsetning starfstöðvar (hnit)

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Urðunarsvæði afgirt og læst. Urðun hefur verið hætt á almennum úrgangi. Urðunargryfja opin, mikið plast efst. Sjálfdaud dýr urðuð vikulega, innst. Urðunarstaðurinn uppfyllir ekki að öllu leyti kröfur reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs, sjá nánar frávík hér að neðan.

UMFANG EFTIRLITS Urðunarstaður við Skarðsmóa, norðan Sauðárkróks skoðaður ásamt Ómari Kjartanssyni. Urðun hefur að mestu leyti verið hætt á svæðinu, en enn eru sjálfdaud dýrahæ urðuð. Einnig er mikið magn af timbri á svæðinu innan girðingar, Ómar mat það sem ca 200 tonn í timburbrettum.

Fundað með Jóni Erni Berndsen. Samkvæmt bréfi dags. 14.01.2004, var áætlað að loka urðunarstaðnum fyrir 16. júlí 2009. Það var hins vegar ekki gert og því þarf urðunarstaðurinn að uppfylla allar kröfur skv. reglugerð nr. 738/2003, um urðun úrgangs, sbr. ákvæði til bráðabirgða. Helstu kröfur kynntar Jóni Erni sem og að starfsleyfi þyrfti hugsanlega jafnframt að endurnýja, m.a. í ljósi nýrra löggjafar. Ljóst að urðunarstaðurinn uppfyllir ekki kröfur, en Jón Örn taldi að sótt yrði um nýtt starfsleyfi. Ekki var rætt um kostnað sem fylgir því að uppfylla kröfur. Sláturúrgangur er vandamál á svæðinu, þar sem ekki er heimilt að urða hann hjá Norðurá. Sjálfdaud dýr eru sótt til bænda, um 10 tonn á mánuði.



FRÁVIKOG ATHUGASEMDIR

Frávik 1: Ekki er til staðar starfsleyfistrygging.

Frávik frá: 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Frávik 2: Skýrslugjöf til Umhverfisstofnunar.

Frávik frá: 22. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um urðun úrgangs.

Frávik 3: Ekki var staðfest að til staðar væri jarðfærðilegur tálmi . $K \leq 1,0 \times 10^{-9}$ m/s; þykkt ≥ 1 m, og því er söfnun sigvatns ábótavant.

Frávik frá: tl. 3.2 og 3.3 í I. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Frávik 4: Ekki er til staðar kerfi til að safna hauggasi til nýtingar eða brennslu.

Frávik frá: 4. tl. í I. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Frávik 5: Eftirlitsupplýsingar eru ekki tiltækar er varða gögn um losun eða verndun grunnvatns.

Frávik frá: III. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs

Frávik 6: Ekki er til staðar ábyrgðartrygging.

Frávik frá: 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Frávik 7: Ekki er til staðar viðbragsáætlun.

Frávik frá: 1. mgr. 18. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Frávik 8: Ekki eru fullnægjandi ráðstafanir fyrir hendi á svæðinu til að koma í veg fyrir óþægindi eða hættu vegna lyktar og ryks ásamt foki eða aðgengi fugla, meindýra og skordýra þar sem ekki er mokað með fullnægjandi hætti yfir urðunargryfju.

Frávik frá: ákvæði 2.8. í starfsleyfi ásamt tl. 5 í I. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Athugasemd 1: Töluvert magn er af brettum á svæðinu, ca. 200 tonn en slíkt getur skapað eldhættu á urðunarstað, sbr. tl. 5 í I. viðauka. Athugast það einnig að starfsleyfið gerir ekki ráð fyrir geymslu á brettum innan svæðis urðunarstaðar.

Athugasemd 2: Urðunarstaðurinn hefur undanþágu umhverfisráðherra til 16. júlí 2022, til söfnunar á haugasi, sbr. bréf ráðuneytisins dags. 22. júlí 2009, Þann 16. júlí þarf að verið búið að setja upp kerfi til söfnunar á hauggasi, sbr. 4. tl. í I viðauka reglugerðar nr. 738/2003, um urðun úrgangs eða að rekstaraðili hafi fengið nýja undanþágu umhverfisráðherra frá söfnun á hauggasi.

Önnur atriði:

Sauðárkróki, 22/08/2011

Sigurjón Þórðarson

Reykjavík 22/08/2011

Gunnlaug Einarsdóttir